

# Stjórnarfundur Geðhjálpar 07.01.2016

---

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar(SHB).**  
Fundargerðin lesin upp og samþykkt.
- 2. Ágúst Kristján Steinarsson svarar spurningum um Riddara hringavitleysunnar, t.a.m. markmið og útgáfu (HJ).**  
Ágúst las kafla upp úr handritinu Riddarar hringavitleysunnar og svaraði spurningum. Hann óskar eftir fjárstuðningi til að taka sér frí frá vinnu til að ljúka handritinu. Þegar því er lokið hyggst hann bera handritið undir útgefanda. Ekki var tekin afstaða til erindisins á fundinum að þessu sinni.
- 3. Þjónustusamningur við Velferðarráðuneyti (HP).**  
HP sagði frá því að skrifað hefði verið undir þjónustusamning við velferðarráðuneytið. Ráðuneytið greiðir Geðhjálp 17,5 milljónir eða sömu upphæð og í fyrra til að standa að ráðgjöf, viðburðahaldi, fræðslufundum o.fl. á árinu 2016.
- 4. Lýðheilsusjóður, Útmeð'a staðan (HP, AGÓ).**  
HP sagði frá því að Lýðheilsusjóður hefði veitt Geðhjálp og Hjálparsíma Rauða krossins 500.000 kr. til að halda áfram að vinna að sjálfsvígsforvörnum með Hjálparsíma Rauða krossins í gegnum forvarnarverkefnið Útmeð'a. Hugmyndir eru uppi um að þróa betur heimasíðu um sjálfsvíg og/eða miðla fræðslu til framhaldsskólakennara.
- 5. Undirskriftir meirihluta stjórnar undir umboð til framkvæmdastjóra vegna arfs (HJ).**  
Viðstaddir stjórnarmenn skrifuðu undir umboði til framkvæmdastjóra.
- 6. Þrjár til fimm brýnustu aðgerðirnar í málaflokknum fyrir framkvæmdaáætlun fatlaðra, sbr. bréf frá velferðarráðuneytinu (HJ, AGÓ).**  
Samþykkt voru fyrirbyggjandi drög að innleggi inn í framkvæmdaáætlunina.
- 7. Viðburðardagskrá vorið 2016 (HJ, AGÓ).**  
Drög að viðburðadagskrá voru samþykkt án athugasemda. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um dagsetningu sameiginlegrar ráðstefnu Geðhjálpar og Drekaflóðar um tengsl vanrækslu/ofbeldis/misnotkunar og geðraskana.
- 8. Bréf frá ríkisendurskoðanda vegna Fjölmenntar (HJ).**  
HJ reifaði innihald draga Ríkisendurskoðunar að skýrslu til Alþingis vegna þjónustusamnings mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Fjölmennt. Fundarmenn voru sammála um að í bréfinu væri dreginn taumur Fjölmenntar og Þroskahjálpar. AGÓ var falið að semja drög að svarbréfi til Ríkisendurskoðunar. Geðhjálp hefur frest til 12. janúar til að senda inn bréfið.

**9. Málafnahópur/ar um útfærslu stefnu Geðhjálpur í tilteknum málaflokkum (HJ).**

Frestað vegna fjarveru Sylviane.

**10. Önnur mál, t.a.m. fulltrúar í nefnd um mótun vinnuverndarstefnu og nýir sjálfshjálparhópur.**

HJ sagði frá því að til stæði að hleypan af stökkunum nefnd um mótun vinnuverndarstefnu eftir nokkra seinkun. Velferðarráðuneytið óskaði í því sambandi eftir því að Geðhjálp staðfesti tilnefndingar sínar í nefndina. Sigrún Heiða gefur enn kost á sér. Jón Tryggvi er fluttur til Þýskalands. AGÓ var falið að kanna hvaða annar karlmaður í stjórninni væri tilbúinn til að gefa kost á sér í hans stað í nefndina.

HJ sagði frá því að í bígerð væri að hleypan tveimur sjálfshjálparhópum af stökkunum. Annar er fyrir aðstandendur barna með geðraskanir. Hinn er fyrir innflytjendur á Íslandi. Stofnfundur sjálfshjálparhóps fyrir innflytjendur fer fram í húsakynnum Geðhjálpur í Borgartúni 30 þann 13. janúar kl. 16.00.

HP lagði fram óformlegt erindi frá Garðari Sölva Helgasyni varðandi aukaverkanir lyfsins *Zyprexa* og samheitalyfja, þ.e. skyndileg og óútskýr dauðsföll. HJ lagði til að erindið yrði sett á dagskrá næsta fundar.

**Fundi var slitið um kl. 19.30.**